



Fundargerð

**178. fundur Skipulagsnefndar haldinn í fundaraðstöðu Kirkjubæjarstofu
þekkingarseturs Klausturvegi 4, 2. hæð,
þriðjudaginn 4. október 2022, kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Jón Hrafn Karlsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Bjarki Guðnason, Rúnar Þorri Guðnason, Jóhannes Gissurarson, Guðbrandur Magnússon, Elín Heiða Valsdóttir, Margrét Ólafsdóttir, Ólafur Elvar Júlíusson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Ólafur Júlíusson, .

Mál til kynningar

- 1812001 - Vindorkurannsóknir í landi Grímsstaða

Fulltrúar Qair koma til fundar og kynna þá rannsóknarvinnu sem farið hefur fram á Grímsstöðum í Meðallandi og nágrenni varðandi vindorkumöguleika

Skipulagsnefnd þakkar þeim Karen Maríu, Amadine og Friðjóni frá Qair fyrir góða kynningu.

Almenn mál

Þessu máli var bætt á dagskrá eftir að fundarboð var sent út

- 2210001 - Fjaðrárgljúfur - óskað eftir breytingu á dsk

Brynjólfur J Baldursson fh. HB Heiði ehf. kt.440522-2540 óskar eftir breytingu á dsk er varðar uppbyggingu á bílastæði og þjónustumiðstöð.

Bílastæði: gert er ráð fyrir um 150-200 stæðum

Þjónustumiðstöð: gert er ráð fyrir að byggja allt að 500m² undir þjónustumiðstöð en þar fellur m.a. undir starfsemi - upplýsingingagjöf fyrir ferðamenn, kaffihús, salerni, aðstaða landvarðar og sögusýning um Fjaðrárgljúfur.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins.

- 2010008 - Svæðisskipulag Suðurhálendis

Fundargerð ásamt greinargerð frá fundi í Leikskálum Vík 27.09.2022, um Svæðisskipulag Suðurhálendis, lögð fyrir fund til yfirferðar og umræðu.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að koma á fundi með verkfræðistofunni Eflu varðandi greinargerðina fyrir svæðiskipulag Suðurhálendis.

*J.M
J.G
R.H.
E.H.J*



4. 2010007 - Deiliskipulag milli Klausturvegar og Skaftár

*Lýsing fyrir deiliskipulag svæðis milli Klausturvegar og Skaftár til umræðu.
Margrét hjá Landmótun kemur til fundarins til skrafs og ráðagerða.*

Skipulagsnefnd felur þeim Margréti og Kristínu hjá Landmótun að setja saman drög af lýsingu fyrir deiliskipulagssvæðið milli Klausturvegar og Skaftár.

5. 1904001 - Endurskoðun Aðalskipulags

Heildarendurskoðun Ask Skaftárhrepps 2019-2031.

Fyrir fundi liggur samantekt af athugasemdum og drög að viðbrögðum sem Margrét og Kristín hjá Landmótun hafa sett upp til yfirferðar og umræðu.

Margrét og Kristín fóru í gegnum athugasemdir sem fram eru komnar og drög að viðbrögðum við þeim.

Ekki náðist að fara yfir allar innkomnar athugasemdir, fundað verður yfir netið í næstu viku til að ljúka fyrstu yfirferð.

Skipulags- og byggingarfulltrúi boðar fundinn.

Fundi slitið kl. 18:00.

Bjarki Guðnason
Bjarki Guðnason

Rúnar Þorri Guðnason
Rúnar Þorri Guðnason

Jóhannes Gissurarson
Jóhannes Gissurarson

Guðbrandur Magnússon
Guðbrandur Magnússon

Elín H. Valsdóttir
Elín Heiða Valsdóttir